

Ískrá merkir bólusetningastöðu, FULLNÆGJANDI' eða ,ÓFULLNÆGJANDI' hjá þeim nemendum sem eru með óskráða (tóma) bólusetningastöðu.

### FULLNÆGJANDI

- Ískrá merkir nemanda ,FULLNÆGJANDI' ef hann hefur fengið allar bólusetningar miðað við aldur [skv. fyrirmælum sóttvarnalæknis](#).

### ÓFULLNÆGJANDI

- Ískrá merkir nemanda ,ÓFULLNÆGJANDI' ef einhverja bólusetningu vantar. Hins vegar getur nemandi verið fullnægjandi bólusettur en Ískrá merkt hann ófullnægjandi. Það á við í eftirfarandi tilfellum:

#### 1) Nemendur með eina NeisVac-C

Ískrá merkir nemanda með eina NeisVac-C alltaf ófullnægjandi. Skólahj.fr. þarf að skoða hvað nemandinn var gamall þegar hann fékk NeisVac-ið og breyta stöðunni eins og við á.

- Ef nemandinn var  $\geq 12$  mánaða þegar hann fékk þessa einu NeisVac-C þá telst hann fullnægjandi bólusettur gegn MCC.**
- Ef nemandinn var  $\leq 12$  mánaða þegar hann fékk þessa einu NeisVac-C þá telst hann ófullnægjandi gegn MCC og þarf aðra NeisVac-C sama hversu gamall hann er.**

#### 2) Nemendur með þrjár eða færri dTap+IPV

Ískrá leitar eftir fjórum dTap+IPV (Barnaveiki, stífkrampi, kikhósti + mænusótt). Hins vegar nægja þrjár EF nemandinn fékk eina þeirra þegar hann var 4 ára eða eldri.

##### Dæmi:

- Nemandi sem fékk 2 dTap+IPV  $\leq 12$  mánaða og svo 1 **Boostrix Polio** 4-5 ára telst ,Fullnægjandi'.
- Nemandi sem fékk 2 dTap+IPV  $\leq 12$  mánaða og svo **Boostrix** 4-5 ára telst ,Ófullnægjandi' þar sem hann vantar Polio skammt. Sá nemandi þarf því annað hvort að fá Imovax eða Boostrix Polio til að teljast fullnægjandi!
- Nemandi sem fékk 3 dTap+IPV  $\leq 12$  mánaða og hefur ekki fengið síðan telst ,Ófullnægjandi'.

#### 3) Nemendur með eina MMR

Hjá nemendum í 8-10. bekk leitar Ískrá að tveimur MMR, hins vegar nægir ein MMR EF nemandinn var orðinn 12 ára þegar hann fékk MMR bólusetninguna.

Skólahjúkrunarfræðingar þurfa hins vegar að breyta ,ÓFULLNÆGJANDI' í ,FULLNÆGJANDI' þegar nemandi hefur fengið viðeigandi bólusetningar. Einnig þurfa skólahj.fr. að merkja ,HAFNAÐ' eða ,HAFNAÐ AÐ HLUTA' hjá þeim nemendum þar sem forráðamenn hafa óskað eftir því. Í þeim tilfellum þarf einnig að [skrá höfnun](#) á viðkomandi bólusetningu og [skrá samskipti](#).